



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	29. maí 2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir/ Bryndís Eva Sverrisdóttir
Verkefni/tillaga:	Ósk um fjárheimild til reksturs áfangaheimilis fyrir konur
Þjónustubáttur:	Málefni einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir
Stofnun/kostn.st.:	01292
Fjárhæð:	25 m.kr. á ári
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Óskað er eftir fjárheimild sem gæti numið allt að 25. m.kr. á ári til reksturs áfangaheimilis fyrir konur í miðborginni.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, verið er að fjölga úrræðum fyrir þennan hóp kvenna þar sem skortur hefur verið á úrræðum.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Konur sem hafa átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða og/eða hafa búið við langvarandi heimilisleysi.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan stuðlar að því að koma jaðarsettum einstaklingum í húsnæði og þann stuðnings sem þeir þurfa til betra lífs.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.